

## Tillaga til þingsályktunar

um bættu samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs.

Flm.: Svanfríður Jónasdóttir, Jóhann Ársælsson, Kristján L. Möller,  
Ásta R. Jóhannesdóttir, Einar Már Sigurðarson, Rannveig Guðmundsdóttir,  
Sigríður Jóhannesdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Karl V. Matthíasson,  
Þórunn Sveinbjarnardóttir, Bryndís Hlöðversdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna möguleika á stofnun uppbyggingar-  
sjóða sambærilegra þeim sem Evrópusambandsríkin og Noregur hafa til að efla atvinnu á til-  
teknum svæðum, endurskipuleggja atvinnulífið og styrkja samkeppnisstöðu þess.

Að lokinni slíkri athugun verði skýrsla og tillögur lagðar fyrir Alþingi, eigi síðar en 1.  
október 2003.

### Greinargerð.

Íslensk stjórnvöld hafa ekki fyrirætlanir um að Ísland gangi í Evrópusambandið. Á þau  
stendur þó sú krafa að búa íslensku atvinnulífi sambærileg kjör þeim sem atvinnulífinu eru  
búin annars staðar í Evrópu. Stjórnvöld hafa á undanförunum árum aðallega verið upptekin  
af skattaumhverfi atvinnulífsins og breytingar á því gjarnan útskýrðar, eða réttlættar, með  
samkeppnisstöðu þess gagnvart öðrum löndum. Það eru hins vegar fleiri þættir sem hafa áhrif  
á samkeppnisstöðuna, einkum ef við viljum skjóta fleiri stöðum undir atvinnulífið og ná nýj-  
um atvinnufyrirtækjum og tæknikunnáttu inn í landið.

Evrópusambandið er með öflugum uppbyggingarsjóði sem það notar til að ná markmiðum  
sínnum bæði í byggðamálum og í því að endurskipuleggja atvinnulífið. Norðmenn hafa einnig,  
á þeim grundvelli að þeir ákváðu að hafna aðild að ESB, byggt upp öflugan sjód, SND, sem  
veitir stofnstyrki við uppbyggingu atvinnulífsins. Fyrirmynd hans er evrópski byggðapró-  
unarsjóðurinn. Við skoðun á uppbyggingarsjóðum væri því einnig rétt að líta til þess hvernig  
uppbygging og framkvæmd er í Noregi.

Miklar breytingar á atvinnuháttum hafa orðið á undanförunum árum og eiga sér enn stað.  
Mikilvægt er að stjórnvöld geti mótað og fylgt eftir skilvirkri stefnu um það hvernig við skuli  
brugðist á hverjum tíma og á hverju svæði landsins. Iðnaðarráðuneytið hefur skilgreint landið  
með tilliti til möguleika hvers svæðis. ESA hefur nú nýverið samþykkt nýtt byggðakort fyrir  
Ísland sem gilda á frá ágúst 2001 til ársloka 2006. Slíkt kort er grundvöllur byggðaaðgerða,  
bæði við núverandi aðstæður og einnig ef það yrði niðurstaðan að stofna til uppbyggingar-  
sjóða á Íslandi. Í samningnum um EES fékkst undanþága frá því ákvæði að atvinnuleysi  
þyrfti að vera af tiltekinni stærð til að beita mætti byggðaaðgerðum. Þegar Finnar og Svíar  
sömdu um aðild sína að Evrópusambandinu var reglum breytt í þá veru að ekki yrði einungis  
litið til atvinnuleysis og meðaltekna á viðkomandi svæði heldur yrði dreifbýli einnig metið  
og þannig viðurkennt að það veldur ákveðnum erfiðleikum að byggja upp grunngerð og  
skapa forsendur fyrir fjölbreyttu atvinnulífi í dreifbýli. Hér á landi eru stór og strjálbýl svæði  
með einhæft atvinnulíf. Ákvörðun ESA um afmörkun nýs byggðakorts fyrir Ísland byggist

því á mannfjöldaviðmiði á þeim svæðum sem styrkja má, en þar búa 0,92 íbúar á ferkílómetra eða rétt um þriðjungur landsmanna.

Mikilvægt er að gegnsæjar reglur gildi og að fagleg vinnubrögð verði viðhöfð til að þessi aðferð virki með tilætluðum hætti. ESB gerir mjög strangar kröfur og SND gerir líka ríkar faglegar kröfur. Sú stefna að veita stofnstyrki, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum og á jafnréttisgrundvelli þannig að allir sem eins er ástatt um á sama svæði eigi rétt til þeirra, er sú leið sem stjórnvöld í okkar helstu samkeppnislöndum hafa valið til að geta markað og rekið árangursríka byggðastefnu og til að einstök svæði geti tekist á við breytingar eða þróun sem á sér stað í tilteknum atvinnugreinum. Þannig hafa Evrópusambandsríkin t.d. tekist á við endurnýjun atvinnulífsins á svæðum sem dregist hafa aftur úr í tækniþróun.

Dæmi eru um að fyrirtæki sem von var um að stofnsett yrðu héraendis hafi endað í öðru landi sem býður stofnstyrki í samræmi við þær leikreglur sem við verðum að sætta okkur við að aðrar þjóðir viðhafi en höfum ekki tekið upp sjálf. Flutningsmenn telja rétt að stofnun uppbyggingarsjóða og úthlutun stofnstyrkja verði könnuð með tilliti til þess að samkeppnisstaða íslensks atvinnulífs verði sem best.

Þingsályktunartillaga sama efnis var flutt á 126. og 127. löggjafarþingi en varð ekki út-rædd.